

Haust
2015

Varmahlíðarskóli - Valgreinar



Nemendur í 8. 9. og 10. bekk

Valgreinahefti

Haust 2015

Námsval á haustönn 2015

Nemendur í 8. – 10. bekk.

Ágætu nemendur, foreldrar og forsjáraðilar.

Hér eru settar saman í hefti upplýsingar um þau námskeið sem í boði verða á haustönn. Um er að ræða námskeið sem kennd eru einu sinni í viku í 80 mín. í senn. Nemendur merkja við eftir forgangi **fyrir hvern dag** og setja 1 við það námskeið sem þeir helst vilja og svo framvegis.

Lesið vel yfir allar námskeiðslýsingar í heftinu áður en þið veljið. Vinsamlegast skilið umsóknarblaðinu á skrifstofu skólans eða sendið það rafrænt til baka á netfangið:

kristvina@varmahlidarskoli.is

Vinsamlegast skilið eigi síðar en fimmtudaginn 3. september.

Mánudagur Kl. 12:00 – 13:20 8. - 10. bekkur	Þriðjudagur Kl. 12:00 – 13:20 8. - 10. bekkur	Miðvikudagur Kl. 12:40 – 14:00 8. - 10. bekkur	Fimmtudagur Kl. 9:15 – 10:35 8. - 10. bekkur
Almenn matreiðsla () Hámark 12	Bakstur () Hámark 12	Bakstur () Hámark 12	Almenn matreiðsla () Hámark 12
Fablab ()	Íþróttaval/glíma ()	Íþróttir sem byrja á b ()	Leiklist ()
Skólahreysti ()	Málmsmíði () Hámark 5-7	Leikskólaval () Hámark 2	Leikskólaval () Hámark 5
Tónlist ()	Stuttmynd ()	Málmsmíði () Hámark 5-7	Málmsmíði () Hámark 5-7
	Textílmennt () Hámark 12	Textílmennt () Hámark 12	Upplýsingatækni (fyrir 10.b.) ()

Nafn nemanda:

LÝSING Á NÁMSKEIÐUM

Almenn matreiðsla

Kennari: Bryndís Bjarnadóttir.

Markmið: Nemendur þjálfist í almennri matreiðslu og bakstri. Geti tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnast ýmsum tegundum hráefnis og nýti það sem best.

Viðfangsefni: Súpugerð, smáréttir og eftirréttir. Fiskréttir, kjötréttir, pastaréttir, bakstur og endað á piparkökuhúsum.

Ekki reiknað með bóklegum tímum en fléttað verður inn í verklega hlutann, næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

Bakstur

Kennari: Bryndís Bjarnadóttir

Markmið: Nemendur þjálfist í bakstri, sjálfstæðum vinnubrögðum, geti tileinkað sér samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnst ýmsum tegundum hráefnis og geti nýtt það sem best.

Viðfangsefni: Helstu bakstursaðferðir: gerbakstur, hrært deig, þeytt deig, hnoðað deig, pönnusteikt deig, og endað á piparkökuhúsum. Ekki reiknað með bóklegum tímum en fléttað verður inn í verklega hlutann, fróðleik um næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

Fab Lab

Kennari: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni: Nemendur læra undirstöðuatriði í teikniforritinu Inkscape sem notað er til að hanna hluti fyrir Fab Lab. Hver nemandi fer a.m.k. einu sinni út í FNV til að búa til sín verkefni. Dæmi um verk sem unnin hafa verið: Skreytingar á glös, myndskreytingar á gestabækur, plattar og skilti, t.d. bæjar-skilti, kökudiskar og margt margt fleira.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Glíma

Kennari: Karl Lúðvíksson

Helstu markmið og viðfangsefni:

Að læra og æfa glímu til að auka við styrk sinn, liðleika, fimi og þol sér til heilsubótar og ánægju og e.t.v. til sýningar og/eða keppni ef áhugi er fyrir því. Einnig verður fræðst um sögu glímunnar, uppruna og þróun í íslensku þjóðlífi.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Íþróttir sem byrja á b

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið þar sem eingöngu verða iðkaðar íþróttir sem byrja á bókstafnum b eins og badminton, boccia, borðtennis, brennó og bandý.

Ætlum í anda verkefnis okkar Heilsueflandi grunnskóli að bjóða upp á aukin tækifæri til meiri hreyfingar.

Kennsluaðferðir: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Leiklist

Kennari: Helga Rós Sigfúsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur þjálfí og nái nokkrum tókum á:

- Framsögn og raddbeitingu.
- Tjáningu.
- Uppbyggingu að persónusköpun.
- Túlkun á persónu, ögun og vinnubrögðum í leikhúsi í samvinnu við uppsetningu verks.
- Leiklestri.

Kennsluaðferðir: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Leikskólaval

Kennarar: Ýmsir leikskólakennarar.

Helstu markmið og viðfangsefni: Nemendur taki þátt í því starfi sem fram fer á hverjum tíma. Ætlast er til að nemendur reyni að kynnast börnunum, taki þátt í því sem þau eru að gera, aðstoði þau, leiki við þau og sinni því sem kennararnir biðja þá um. Nemendunum er heimilt að koma með hugmyndir um verkefni eða leiki sem þeir hafa áhuga á að fara í með börnunum og fá aðstoð frá kennurum leikskólans til að koma því í framkvæmd. Í leikskólanum er trúnaður mjög mikilvægur og þeir sem starfa þar þurfa að skrifa undir þagnarskyldu. Ekki má ræða um málefni einstakra barna utan leikskólans. Ekki má taka myndir af börnunum í leikskólanum. Ekki er heimilt að vera með GSM síma í starfi með börnunum.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Málmsmíði

Kennari: Einar Örn Einarsson

Helstu markmið og viðfangsefni: Nemendur hanna og vinna verkefni úr málmi. Unnir eru hlutir þar sem gamlar skeifur eru bræddar og unnið úr þeim. Dæmi um málma: Kopar, eir, messing, ryðfrítt stál. Stefnt er að því að nemendur öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og geti hannað og smíðað hlut og valið til þess efni og viðeigandi verkfæri.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Skólahreysti

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Stöðvaþjálfun og skólahreystiprautirnar reyndar reglulega.
- Farið er í styrktaræfingar fyrir alla vöðvahópa líkamans.
- Fræðsla um þol, kraft og styrk.
- Leikir eru fléttaðir inni hvern tíma í upphitun.
- Teygjur og slökun í lok tíma þar sem nemendur fá að stjórna til skiptis.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Stuttmyndagerð

Kennari: Íris Olga Lúðvíksdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni: Nemendur læri að taka upp efni, s.s. leiknar myndir, viðtöl og heimildamyndir. Vinna með forrit til að klippa myndir, bæta við hljóðum o.fl.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Textílmennt

Kennari: Þyrey Hlífarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- Kynnist íslenskri textíliðju og textílhönnun í héraði, heimsóknir hönnuða í skólann og nemendur heimsækja einhver verkstæði.
- Velji verkefni eftir nokkrum sniðum og saumi flík.
- Skipuleggi eigin vinnuferli út frá umræðum og stöðugu mati á eigin vinnu.
- Beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.

Dæmi um viðfangsefni: púðar, dúkar og vöggusett.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Tónlist

Kennari: Helga Rós Sigfúsdóttir

Markmið:

- Að nemendur eflist í hópvinnu.
- Að nemendur þjálfist í að koma fram.
- Að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Að nemendur þjálfist í að spila saman.
- Að nemendur læri að búa til einfalt tónlistarmyndband.
- Að nemendur skemmti sér vel.

Kennsluáferðir: Hópvinnubrögð, verkleg kennsla, sjálfstæð skapandi viðfangsefni.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á áhuga, frumkvæði og samvinnu.

Upplýsingatækni – UPPT1UT05 – Fyrir nemendur í 10. bekk og er kennt allt skólaárið.

Kennari: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Markmið: Nemendur kynnist almennri notkun á PC-tölvum. Skjalavistun, Word, Excel, PowerPoint. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsmat: Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum og skil á verkefnum.

Skilaskylda er á **öllum** verkefnum. Þau eru metin með reglulegu millibili. Próf úr Word í desember og samþættingu Word og Excel í maí.